

**20. fundur Skipulags,bygginga,umhverfis og samgöngunefndar haldinn
Fundarsalur Álftavers,
Þriðjudaginn 6. júlí 2021, kl. 16:15.**

Fundinn sátu:

Anna Lind Ragnarsdóttir, Hulda Gunnarsdóttir, Samúel Kristjánsson, Valgeir Scott, Bragi Þór Thoroddsen og Jóhann Birkir Helgason.

Fundargerð ritaði: Jóhann Birkir Helgason, .

1. Folafótur, umsókn um byggingarleyfi - 2106005

Tekin fyrir umsókn frá Oddi Sigurðssyni f.h. Björns Oddsonar, ódagsett þar sem sótt er um leyfi til að byggja rannsóknarsetur á þremur hæðum til samræmis við teikningar frá tþz teiknistofu dags. 14.05.2021.

Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd leggur til við sveitarstjórn að heimila frávik frá deiliskipulagi og heimila útgáfu byggingarleyfis á grundvelli greinar 5.8.4 í skipulagsreglugerð, þar sem svo óveruleg frávik er að ræða að hagsmunir nággranna skerðast ekkert.

Byggingarfulltrúa falið að veita byggingarleyfi.

Samþykkt

2. Umsókn um stöðuleyfi, Ögur L176576 - 2107002

Tekið fyrir umsókn frá Jónu Símoníu Bjarnadóttur ódagsett þar em óskað er eftir stöðuleyfi fyrir smáhýsi á lóð Ögur L176576. Meðfylgjandi umsókn er útlitsmynd, afstöðumynd og samþykki landeiganda.

Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd leggur til við sveitarstjórn að stöðuleyfi verði veitt til eins árs sbr. grein 2.6.1 í byggingarreglugerð með fyrirvara um að umsækjandi hafi umboð allra landeiganda.

Samþykkt

3. Sækkun á skrifstofu og þökkun - 2107003

Tekin fyrir umsókn frá Kjartani Árnasyni fyrir hönd Rnes þar sem óskað er eftir byggingarleyfi fyrir stækkun á sláturhúsi skv. teikningum frá Kaa arkitektum dags. 05.07.2021.

Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd bendir á að ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir svæðið.

Samkvæmt 3 mgr. 44. gr. skipulagslaga segir:

„Skipulagsnefnd er heimilt að falla frá grenndarkynningu ef sýnt er fram á að breyting á deiliskipulagi eða leyfisskyld framkvæmdi verði ekki hagsmuni annarra en sveitarfélagsins og/eða umsækjanda.“

Nefndin bendir jafnframt á að landeigandi (Ísafjarðarbær) hafi ekki lokið við deiliskipulag eins og til stóð, stöðuleyfi var því veitt meðan deiliskipulagið var í ferli. Ekki

*eru líkur á að deiliskipulagið komi til afgreiðslu í bráð.
Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd leggur því til við sveitarstjórn að
heimila byggingarleyfi fyrir stækkun á sláturhúsi með vísan í 3 mgr. 44. gr. skipulagslaga.
Byggingarfulltrúa falið að veita byggingarleyfi.*

Samþykkt

4. Umsókn um byggingarleyfi, Langeyrarvegur 19 - 2105002

Alexander Bjarki Svavarsson óskar eftir byggingarleyfi fyrir húsi við Langeyrarveg 19 samkvæmt meðfylgjandi teikningum gerðum af Torgson ehf. dags. 16.03.2021.

*Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd samþykkir erindið og felur
byggingarfulltrúa að veita byggingarleyfi.*

Samþykkt

Fundi slitið kl. 17:15.

Bragi Þór
Thoroddsen; Sveitarstjórnarmaður
og Jóhann Birkir Helgason;